

Erindi íbúa í hverfinu, dags. 4. apríl 2023, um Kjalarness og kynningarefni Reykjavíkurborgar.

Sæl verið þið.

Ég vildi koma þessu til ykkar fyrir fundinn 19. apríl. Þetta er tvíþætt en samt mjög tengt.

Þetta snýst um Kjalarnes sem hverfi eða hluta af Reykjavík þegar kemur að birtingu upplýsinga eða umfjöllun um svæði eða hverfi borgarinnar, að þá sé Kjalarnes oft ekki tekið með. Hvorki á korti né í texta eða lista.

Dæmi: sjá meðfylgjandi mynd af ferðamannakorti. Þessi pappírskort sem liggja frammi á borðum víðs vegar og má rífa eintak af til notkunar. Kort af höfuðborgarsvæði fyrir miðju (auðvitað ekki Kjalarnes inni á) og svo er borði allann hringinn með upplýsingum um hina ýmsu þjónustu. Meðal annars opnunartíma og nöfn sundlauga í Reykjavík. Þarna er Klébergslaug ekki tekin með. Þetta er langþeytt þrætuepli frá sjónarhorni Kjalarnes íbúa.

Ábending: ég vinn á Landsbókasafni Hbs á myndastofu þar sem efni er gert klárt til myndunar, og myndað fyrir stafræna endurgerð (sbr timarit.is). Í aungablikinu er ég að undirbúa ritið Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins frá 1980-1987 þar sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu tóku sig saman og reyndu að samræma stefnur og strauma í skipulagsáherslum. Svæðisskipulag. Sú ákvörðun hefur verið tekin að taka sveitarfélögin til umfjöllunar gegnum gangandi í ritunum fyrir þannig að byrjað væri á nyrsta sveitarfélagi og svo koll af kolli áfram til suðurs. Það væri flott ef íbúaráð Kjalarness gæti amk tekið fyrir á fundi, og komið ályktun eða einhverju slíku á framfæri við Reykjavíkurborg um að tileinka sér þessa reglu. Fjalla um hverfi borgarinnar frá norðri til suðurs. Eða einhverjum skipulögðum hætti, til að tryggja það að Kjalarnes gleymist ekki. Sem virðist vera lenskan þegar póstnúmerið er það hæsta af póstnúmerum borgarinnar, og jafnframt fæstir íbúar, og aðgreint frá rest af hverfum með öðru sveitarfélagi (Mosfellsbæ).

Bestu kveðjur,
María

--

María Theodórsdóttir
Náttúrufræðingur B.Sc./Natural Scientist B.Sc.
tel: +354 899 4069